



Vaxtadómar Hæstaréttar

Túlkun og möguleg áhrif

Marinó G. Njálsson

25. febrúar 2012

Yfirlit

- Tímamótadómar Hæstaréttar
- Dómurinn 15. febrúar 2012
- Álit lögfræðinga á dómnum og mín skoðun á þeim álitum
- Kostnaður af mismunandi útkomum
- Var Hæstiréttur blekkur?
- Kvörtun til ESA, Evrópuþingsins, framkvæmdastjórnar ESB

Tímamótadómar Hæstaréttar

1. Í dómum nr. 92/2010 og 153/2010 voru niðurstöður Hæstaréttar sem hér segir:
 1. Leigusamningar eru lánasamningar
 2. Gengistrygging er ólögleg verðtrygging
 3. Lánið er í íslenskum krónum
 4. Engu öðru er breytt
2. Í dómi nr. 471/2010 kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að lægstu vextir Seðlabanka Íslands skuli koma í stað samningsvaxta

Tímamótadómar Hæstaréttar

3. Í dómum nr. 603/2010 og 604/2010 segir Hæstiréttur að fyrri dómar gildi einnig um húsnæðislán.
4. Í dómum nr. 30/2011 og 31/2011 er staðfest að framangreindir 5 dómar eigi við um lán lögaðila.
5. Í dómi nr. 155/2011, Mótormax-dómnum, er endanlega staðfest að fyrstu 5 dómarnir eigi líka við fyrirtæki.

Tímamótadómar Hæstaréttar

5. Í dómi nr. 282/2011, Kraftvélar, er endanlega staðfest að leigusamningar fyrirtækja eru lánasamningar og fyrstu 2 dómarnir að ofan séu fordæmisgefandi.
6. Í dómi nr. 600/2011 kveður Hæstiréttur úr um að greiddir vextir verði ekki hækkaðir og framvirk áhrif geti ekki orðið nema frá 14. febrúar 2011, þegar dómur gekk í máli nr. 604/2010.

Dómur nr. 600/2011

„Samkvæmt framansögðu verður að taka afstöðu til þess hvort sóknaraðilar teljist í ljósi atvika málsins hafa fengið réttmæta ástæðu til að ætla að ekki gæti komið til frekari vaxtakröfu varnaraðila síðar.“

Dómur nr. 600/2011

„Í þessu máli verður lagt til grundvallar að greiðslutilkynningar, sem varnaraðili sendi um væntanlega gjalddaga lánsins með útreikningum á fjárhæðinni sem greiða skyldi og síðan fyrirvaralaus móttaka hans á greiðslum í samræmi við tilkynningarnar, hafi jafngilt fullnaðarkvittun um greiðslu á því sem gjaldféll hverju sinni.“

Dómur nr. 600/2011

„Þegar öll framangreind atriði eru virt heildstætt og það lagt til grundvallar sem áður greinir, að greiðslutilkynningar varnaraðila og fyrirvaralaus móttaka hans á greiðslum í samræmi við þær tilkynningar hafi jafngilt fullnaðarkvittunum, þykir það standa varnaraðila nær en sóknaraðilum að bera þann vaxtamun sem af hinni ólögmætu gengistryggingu hlaut og um er deilt í málinu.“

- Er bara hluti af rökleiðslu, en ekki niðurstaða

Dómur nr. 600/2011

„Er því fallist á með sóknaraðilum, að sá rangi lagaskilningur sem samkvæmt framansögðu lá til grundvallar lögskiptum aðila í upphafi og þar til dómur Hæstaréttar gekk 14. febrúar 2011 **verði í uppgjöri aðila einungis leiðréttur til framtíðar.**“

- **Grundvallarniðurstaða málsins**

Dómur nr. 600/2011

„Af því leiðir að varnaraðili getur ekki krafið sóknaraðila um viðbótargreiðslur vegna þegar greiddra vaxta aftur í tímann, en á því var yfirlýsing hans um skuldajöfnuð byggð.“

- **Þetta atriði er sértækt fyrir þetta mál og veitir ekki fordæmisgildi fyrir önnur mál nema þau séu sama eðlis.**

Dómur nr. 600/2011

- **Hvað þýðir þetta?**
- Sá sem vill túlka þetta þröngt mun segja að eingöngu þeir sem hafi greitt skv. tilkynningu séu lausir og hinir sem eru í vanskilum, hafa fengið frystingar eða skilmálabreytingar fái á sig hina háu vexti. (sjá síðar)
- Eins og ég sé þetta, þá geta nýir vextir bara gilt fram í tímann, þ.e. **líklegast frá 14.2.2011, en hugsanlega frá gildistöku laga 151/2010**

Þýðing dómsins

Einföld skýring:

- Greiddir vextir skipta ekki máli
- Ógreiddir vextir leggjast á skuld, þ.a. að til gildistöku seðlabankavaxta reiknast samningsvextir á gengistryggðan höfuðstól, en seðlabankavextir eftir það.
- Allar aðrar greiðslur dragast frá eftirstöðvum.

Þýðing dómsins

Flókin skýring:

- Fram að gildistöku laga nr. 151/2010 var innihald 18. gr. laga nr. 38/2001 annað en það er í dag. Skoðaðu þarf þýðingu þess.
- Hugsanlega gæti upphæð seðlabankavaxta af ógengistryggðum höfuðstóli verið lægri en upphæð samningsvaxta af gengistryggðum höfuðstóli – Lægri vextirnir gilda alltaf!

Álit lögmanna – Sigurjón Högnason

Sigurjón – segir draga úr fordæmisgildi	Athugasemd mín
Aðstöðumun milli fjármálafyrirtækis og skuldara	Þetta leiðir til víðtæks fordæmis
Skuldbinding til langs tíma	Öll lán yfir 2 árum teljast langtíma lán
Skuldari greiddi í góðri trú	Átti við alla
Endurreiknaðir vextir hátt hlutfall skuldar	Átti almennt við
Röskun á fjárhagslegum hagsmunum skuldara	Allir urðu fyrir fjárhagslegri röskun
Er niðurstaðan sú sama ef við komandi er fjársterkur	Eingöngu fjársterkir gátu greitt!

Álit lögmanna – LEX

LEX – um fordæmisgildi dómsins	Athugasemd mín
Dómurinn fjallar eingöngu um gildi fullnaðarkvittana	Það er hreinlega rangt. Dómurinn fjallar líka um gildi skuldbindingar sem kemur fram á greiðslutilkynningu
Ólögmæt gengistryggð lán eiga að bera óverðtryggða vexti Sí frá stofndegi	Vissulega rétt, en Hæstiréttur segir að ekki megi breyta afturvirkkt
Áhrif skilmálabreytinga ólík eftir því hvort lántaki var í skilum eða ekki	Dómurinn segir ekkert um þetta atriði og því um hreinan hugarburð að ræða
Dómurinn getur haft fordæmisgildi gagnvart smærri lögaðilum	Ég geng lengra og segi hann hafa fordæmisgildi fyrir þá

Álit lögmanna – LEX

LEX – um fordæmisgildi dómsins	Athugasemd mín
Dómurinn getur haft fordæmisgildi fyrir allar tegundir lánessamninga	Ég geng lengra og segi hann hafa fordæmisgildi fyrir þá
Lántakar eiga ekki endurkröfurétt vegna vaxtagreiðslna á gengistryggðan höfuðstól	En segja svo (eins og ég) að á þessu séu undantekningar
	Tala ekkert um lög nr. 151/2010
	Nefna ekki að rangur lagaskilningur verði aðeins leiðréttur til framtíðar

Kostnaður af mismunandi leiðum

Reiknaði út grófan vaxtakostnað af áður gengistryggðum lánum:

Leið	Kostnaður
Samningsvextir miðað við bókfært virði lána hjá SÍ	147,6 ma.kr.
Samningsvextir miðað við „kröfuvirði“ lána (án afsláttar)	206,7 ma.kr.
Samningsvextir án gengistryggingar	139,2 ma.kr.
Óverðtryggðir vextir SÍ án gengistryggingar	496,7 ma.kr.

Ruglið sem ég skil ekki

- Tengsl gengistryggingar og vaxta sé slíkt að gengistrygging sé forsenda vaxtanna
- Að dómur nr. 471/2010 sé notaður sem fordæmi fyrir húsnæðislánamál og bara yfir höfuð lán sem tekin voru áður en lánið í máli 471/2010 var tekið
- Að efnahags- og viðskiptaráðuneytið hafi haldið uppi vörnum fyrir fjármálafyrirtækin í meðferð frumvarps Árna Páls
- Að fordæmi dómsins á 15. febrúar sé takmarkað
- Að Árni Páll hafi verið að verja hagsmuni lántaka með lögum nr. 151/2010

Lét Hæstiréttur blekkjast?

1. Fjármálafyrirtækin séu að fjármagna sig á sama hátt núna og áður
2. Öll fjármálafyrirtækin væru að fjármagna sig eins
3. Fjármálafyrirtæki hafi yfirhöfuð verið að fjármagna sig eins og þau sögðust hafa gert
4. Fjármögnun fjármálafyrirtækjanna komi neytendum við
5. Að bæta þurfi fjármálafyrirtækjum upp tjón á ákveðnum tímabilum með því að endurreikna allan tímann

Lét Hæstiréttur blekkjast?

6. Lánþegum hefðu ekki staðið til boða önnur hagstæð lán, ef gengistryggð lán hefðu ekki staðið til boða
7. Lánið sem dæmt var um í september 2010 hafi verið dæmigert fyrir svona lán
8. Rétturinn áttaði sig ekki á því að um handvalið mál var að ræða sem hafi í raun **EKKERT** fordæmisgildi

Grunnvillur í rökleiðslu Hæstaréttar

- A.** Að öll fjármálafyrirtæki þurfi að fjármagna sig með lántöku í hvert sinn sem þau veita nýtt lán.
- B.** Að LIBOR-vextirnir séu stóra viðmiðið í málinu.
- C.** Að nota frávíkjanlega grein vaxtalaga í stað þeirrar ófrávíkjanlegu.

Átti Hæstiréttur annan möguleika?

Hæstiréttur vísar í dómi nr. 471/2010 í 3. og 4. gr. laga nr. 38/2001, en hvers vegna sniðgekk Hæstiréttur 2. gr. laganna?

Átti Hæstiréttur annan möguleika?

2. gr.

Ákvæði II. og IV. kafla laga þessara gilda því aðeins að ekki leiði annað af samningum, venju eða lögum. Einnig verður vikið frá öðrum ákvæðum laganna að því marki sem þar er kveðið á um. **Þó er ávallt heimilt að víkja frá ákvæðum laganna til hagsbóta fyrir skuldara.**

Átti Hæstiréttur annan möguleika?

2. gr. er ófrávíkjanleg meðan 3. og 4. gr. eru ekki bara frávíkjanlegar heldur **gilda þær því aðeins að ekki leiði annað af samningum, venjum eða lögum.**

Samningarnir eru **lánssamningarnir.**

Venjurnar eru **kröfuréttur.**

Lögin eru **nr. 7/1936** og **nr. 121/1994.**

Vaxtadómurinn nr. 471/2010

Grundvallarregla í dómsmálum er að ekki er dæmt um annað en lagt er fyrir dóminn, þ.e. dómskröfur. Dómskröfurnar í máli nr. 471/2010 voru skilgreindar af Lýsingu og inn í þær vantaði mjög marga kosti. Niðurstaðan var því nánast lögð upp í hendurnar á dómstólum.

Vaxtadómurinn nr. 471/2010

- Hver valdi málið? **Lýsing**
- Hver ákvað að þetta mál væri hentugt? **Lýsing**
- Hver valdi lögmann varnaraðila? **Lýsing**
- Hver valdi héraðsdómara? **Lýsing**
- Hver ákvað dómskröfur? **Lýsing**
- Hvernig varð þetta mál að fordæmi fyrir öll önnur mál? Af því að **Lýsing** göslaði þessu máli með hraði í gegn um dómskerfið.

Vextir gengistryggðra lána

- Við sitjum uppi með dóm nr. 471/2010 sem örlagavald í íslensku þjóðlífi af því að Lýsing sá sér leik á borði og ákvað að fara með uppgjörsmál vegna bílaviðskipta með hraði í gegn um dómskerfið.

Vextir gengistryggðra lána

- Lýsing ákvað keyra mál í gegn sem hafði verið dregið til baka og fékk sama dómarann aftur og hafði verið settur á málið áður.
- Lýsing valdi málið, verjandann, dómarann og dómskröfurnar!
- Ætli þetta standist mannréttindasáttmála Evrópu?

Kvörtun til ESA, ESB og Evrópuþingsins

- Hagsmunasamtök heimilanna, Samtök lánþega og hópur einstaklinga, þ.á.m. ég, standa að kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og Evrópuþingsins
- Kvörtunin er upp á yfir 500 bls. með fylgiskjöllum, þar af kvörtunin sjálf upp á yfir 100 bls.
- Um daginn fóru frekari viðbrögð

Kvörtun til ESA, ESB og Evrópuþingsins

- Kvörtunin byggir á óendanlega mörgum lagatilvísunum, tilvísunum í tilskipanir ESB og loks dóma Evrópudómsstólsins og úrskurði lögsögumanns ESB.
- Neytendaréttur er megin línan og skylda dómstóla til að tryggja neytendavernd.
- Hluti kvörtunarinnar var afgreiddur með dómi nr. 600/2011, þ.e. afturvirkni laga nr. 151/2010

Kvörtun til ESA, ESB og Evrópuþingsins

- Erum búin að sjá viðbrögð stjórnvalda, sem hefðu alveg eins geta verið samin hjá Samtökum fjármálafyrirtækja
- Við sendum okkar viðbrögð 13. febrúar sl.
- Dómur Hæstaréttar styrkti okkar málstað, þ.e. sá hluti sem segir að rangur lagaskilningur verði eingöngu leiðréttur til framtíðar



TAKK FYRIR